

7. gr.

Árlegu úthlutunarfé skal verja á eftirfarandi hátt:

- a. Veita skal einn eða tvo styrki (eða lán) er nemi allt að $\frac{3}{4}$ hlutum alls úthlutunarfjárins.
- b. $\frac{1}{4}$ hluta úthlutunarfjárins skal heimilt að skipta milli allt að 10 aðila hverju sinni.

8. gr.

Heimilt er að veita styrk af úthlutunarfé sjóðsins, hvort heldur til stofnunar, félags eða einstaklings.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera ákveðnar tillögur um styrkveitingar úr sjóðnum hverju sinni og leggi hún tillögur sínar fyrir árlegan aðalfund Sparisjóðs Sauðárkróks til samþykktar.

10. gr.

Náist ekki samþykki meiri hluta fulltrúa aðalfundar fyrir einni eða fleiri af tillögum sjóðstjórnar til styrkveitinga, skal það fé lagt við höfuðstól hverju sinni.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins og tillögur sínar til aðalfundar um úthlutun styrkfjár hverju sinni og samþykktir aðalfundar og stjórnar.

12. gr.

Endurskoðunarmenn Sparisjóðs Sauðárkróks skulu hafa á hendi endurskoðun reikninga Menningarsjóðsins.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Fegrúnarsjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. marz 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Fegrúnarsjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fegrúnarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks, og er stofnaður með 25 þúsund króna framlagi Sparisjóðs Sauðárkróks í tilefni 75 ára afmælis sjóðsins á aðalfundi 27. apr. 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Sé það vaxtað í Sparisjóði Sauðárkróks.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal auka með því að bæta við árlega hluta af vöxtum hans þannig:

Helming vaxta þar til höfuðstóll nemur 40 þúsund krónum, síðan skal bæta við höfuðstól minnst $\frac{2}{5}$ vaxta þar til höfuðstóll nemur 75 þúsund krónum. Síðan skal að minnsta kosti leggja $\frac{1}{5}$ vaxta við höfuðstól.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að örva áhuga fyrir fegrun lóða og landssvæða bæði í Sauðárkrókskaupstað og Skagafjarðarsýslu.

Fé það, sem til ráðstöfunar er hverju sinni, skal nota til að kaupa eigulega, áletraða gripi, er veitist sem viðurkenning til þeirra aðila, er verðugastir þykja hverju sinni.

Einnig er heimilt að veita viðurkenningu í öðru formi.

5. gr.

Veita má fleiri en einum aðila viðurkenningu úr sjóðnum árlega.

6. gr.

Sé ekkert viðurkenningarvert að dómi sjóðsstjórnar, má fresta úthlutun og veita í einu lagi fyrir tvö ár eða fleiri.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera í höndum þriggja manna, er annist fjárreiður hans og úthluti viðurkenningum úr honum.

Form. stjórnar Sparisjóðs Sauðárkróks sé sjálfkjörinn formaður sjóðstjórnar. Árlegur aðalfundur Sparisjóðsins kýs hina tvo, og skal annar vera af Sauðárkróki, en hinn úr Skagafjarðarsýslu.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Geri formaður sjóðsstjórnar grein fyrir fjárhag hans og úthlutun viðurkenninga á aðalfundi Sparisjóðsins ár hvert. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagskrá þessari.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af aðalfundi Sparisjóðsins. Hætti Sparisjóður Sauðárkróks starfrækslu, ákveður síðasti aðalfundur hans um áframhaldandi framkvæmd þessarar reglugerðar.

Sauðárkróki, 3. apríl 1964.

Björn Danielsson.

Guðjón Ingimundarson.

Jón Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menntasjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. marz 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menntasjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks.

1. gr.

Sjóðurinn heiti Menntasjóður Sparisjóðs Sauðárkróks, og er stofnaður með 75 þúsund króna framlagi Sparisjóðs Sauðárkróks í tilefni 75 ára afmælis sjóðsins á aðalfundi 27. apríl 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Sé það vaxtað í Sparisjóði Sauðárkróks.